

FRÉTTATILKYNNING

4. febrúar 2010

Marel kynnir afkomu ársins 2009

Nýtt ár markar nýtt upphaf hjá Marel

- Tekjur af kjarnastarfsemi árið 2009 námu 434,8 milljónum evra og jukust jafnt og þétt á árinu. Rekstrarhagnaður (EBIT) af kjarnastarfsemi var 24,8 milljónir evra, sem er 5,7% af veltu.
- Marel hélt áfram að styrkja samkeppnisstöðu sína á árinu með því að einbeita sér að samþættingu samstæðunnar og verulegum niðurskurði í útgjöldum, sem lækkaði kostnaðargrunn rekstursins um 25 milljónir evra.
- Nettó vaxtaberandi skuldir hafa lækkað í 295 milljónir evra (2008: 379 milljónir evra) vegna sterks sjóðstreymis, velheppnaðra hlutafjárútboða og sölu eininga utan kjarnastarfsemi.
- Til að viðhalda tæknilegu forskoti sínu leggur Marel áfram ríka áherslu á rannsóknar- og þróunarstarf.
- Pantanabók styrktist eftir því sem leið á árið og er nú traustari og mun betri en fyrir ári síðan, sem mun hafa jákvæð áhrif á tekjur og afkomu.
- Skerpt hefur verið á stefnu félagsins með sölu eininga utan kjarnastarfsemi.

Marel skilað traustri afkomu og sterku sjóðstreymi frá kjarnastarfsemi þrátt fyrir aðgerðir sem hafa leitt til einskiptiskostnaðar á árinu, en jafnframt lækkað kostnaðargrunn félagsins varanlega. Tekjur af kjarnastarfsemi árið 2009 námu 434,8 milljónum evra (2008: 548,1 milljónir evra). Rekstrarhagnaður (EBIT) var 24,8 milljónir evra, sem er 5,7% af veltu (2008: 38,2 milljónir evra; 7,0% af veltu), og EBITDA var 47,4 milljónir evra, sem er 10,9% af veltu (2008: 60,0 milljónir evra; 11,0% af veltu). Niðurfærsla á bókfærðu verði eigna til sölu (Stork Food & Dairy Systems og Carnitech A/S) var að fjárhæð 24,5 milljónir evra vegna. Heildartekjur ársins 2009 námu 531,7 milljónum evra (2008: 540,1 milljónum evra) og tap eftir skatta var 11,8 milljónir evra (2008: 8,4 milljóna evra tap).

Efnahagsreikningur Marel í upphafi árs 2010 er sterkur; nettó skuldir nema 295 milljónum evra samanborið við 379 milljónir evra í upphafi árs 2009. Sjóðstreymi frá rekstri fyrir vexti og skatta nam 75 milljónum evra fyrir árið 2009 og nýtt hlutafé nam 49 milljónum evra. Þar að auki hefur dregið úr vaxtakostnaði og gengisáhættu með lækkun skulda í íslenskrí krónu, sem og myntbreytingu á láni úr íslenskrí krónu yfir í evru (að upphæð 66 milljónum evra), sem er megintekjumynt félagsins.

Pantanabók Marel er traust í upphafi árs 2010 og mun betri en í upphafi árs 2009. Það er aukin markaðsvirkni á öllum sviðum og fjöldi fyrirspurna eykst, einnig varðandi stærri verkefni.

Theo Hoen, forstjóri:

“Ár umbreytinga og niðurskurðar er að baki. Ég tel að fyrirtækið standa mun betur en það gerði fyrir ári. Við höfum náð góðum árangri í að skerpa á stefnu fyrirtækisins. Sameiningu Marel og Stork miðaði vel á seinni hluta árs. Jákvæðu áhrifin af sparnaði og kross-sölu verða veruleg og munu koma betur fram þegar líður á árið 2010. Arðsemi og sjóðstreymi hafa batnað. Við stöndum sterkari eftir að lækkað kostnaðargrunn fyrirtækisins án þess að draga úr fjárfestingu í rannsóknar- og þróunarvinnu. Auk þess hefur skuldsetning minnkað.

Pantanabókin er að styrkjast og stærri pantanir farnar að berast. Það er til marks um aukna trú á mörkuðum okkar. Við sjáum að árið 2010 fer mun betur af stað en síðasta ár gerði. „Nýja“ Marel er farið að starfa sem ein heild og stefna okkar er skýr. Og við sýndum á nýliðnu ári að við erum fær um að bregðast við breyttum markaðsaðstæðum, þökk sé því dygga starfsfólki sem við höfum á að skipa. Þess vegna hef ég mikla trú á framtíð fyrirtækisins og að við munum ná langtíma markmiðum okkar.”

Afkoma fjórða ársfjórðungs 2009

Skerpt á stefnu fyrirtækisins og hlutfé aukið

- Tekjur af kjarnastarfsemi á fjórða ársfjórðungi námu samtals 112,5 milljónum evra [Q4 2008: 121,4 milljónir evra].
- EBITDA af kjarnastarfsemi var 12,8 milljónir evra, sem er 11,3% af veltu [Q4 2008: 0,7 milljónir evra; 0,6% af veltu].
- Rekstrarhagnaður (EBIT) af kjarnastarfsemi var 6,9 milljónir evra, sem er 6,2% af veltu [Q4 2008: (5.7) milljónir evra; -4,7% af veltu].
- Verulega hefur dregið úr fjárhagslegri áhættu með útgáfu nýs hlutafjár upp á 41 milljónir evra og myntbreytingu á láni úr íslenskri krónu (að upphæð 66 milljónum evra) í evru. Um 32 milljónir evra úr hlutafjárútboðinu fóru í að greiða niður skuldabréf í íslenskri krónu.
- Sameiningaráform eru komin til framkvæmda; innleiðing á nýjum vörumerkjum og sameining dreifikerfa er hafin og verið er að þróa vörur sem sameina þá tækni sem rekstrareiningarnar búa yfir.

Heildarafkoma ¹

- Heildartekjur á fjórða ársfjórðungi 2008 námu 135,7 milljónum evra [Q4 2008: 150,5 milljónir evra].
- Heildar EBITDA var 12,0 milljónir evra á fjórða ársfjórðungi 2009 [Q4 2008: (0.1) milljónir evra] og heildarrekstrarhagnaður (EBIT) var (19,6) milljónir evra [Q4 2008: (7,4) milljónir evra].
- Tap eftir skatta var 23,0 milljónir evra á fjórða ársfjórðungi 2009 [Q4 2008: 23,7 milljónir evra tap), vegna niðurfærslu á bókfærðu verði eigna til sölu utan kjarnastarfsemi.
- Food & Dairy Systems, eining utan kjarnastarfsemi Marel, var seld í janúar 2010. Bókfært verð eignanna var fært niður sem veldur tapi upp á 16,4 milljónir evra. Tekið hefur verið tillit til þess í ársreikningum 2009.
- Carnitech A/S, eining utan kjarnastarfsemi Marel, er í sölufæri. Bókfært verð eignanna hefur verið fært niður sem veldur tapi upp á 8 milljónir evra. Tekið hefur verið tillit til þess í ársreikningum 2009.
- Nettó vaxtaberandi skuldir námu 295 milljónum evra [2008: 379 milljónir evra].

¹ Heildarafkomutölur ná einnig yfir rekstur sem skilgreindur er sem utan kjarnastarfsemi fyrirtækisins. Er þar átt við starfsemi Food and Dairy Systems og Carnitech, að frá talinni starfsemi Carnitech í laxaiðnaði og á sviði frystibúnaðar, sem og starfsemi Carnitech í Bandaríkjunum, sem er nú rekin undir merkjum og yfirstjórn Marel. Tölur ársins 2008 innihalda tölur frá Stork Food Systems og Stork Food & Dairy frá og með 1. maí 2008.

Afkoma fjórða ársfjórðungs 2009

Vinasamlegast athugið að tölur ársins 2008 innihalda tölur frá Stork Food Systems og Stork Food & Dairy frá og með 1. maí 2008.

Rekstur fjórða ársfjórðungs – helstu tölur í þúsundum evra

	Q4 2009	Q4 2008	2009	2008
Sala	135.686	150.501	531.680	540.149
Rekstrarhagnaður (EBIT)	(19.555)	(7.419)	8.047	20.434
EBIT sem hlutfall af sölu	-14,4%	-4,9%	1,5%	3,8%
Hagnaður/(tap) tímabilsins	(23.041)	(23.730)	(11.810)	(8.405)
Hagnaður/(tap) tímabilsins sem hlutfall af sölu	-17,0%	-15,8%	-2,2%	-1,6%
EBITDA	12.014	(89)	58.752	42.108
EBITDA sem hlutfall af sölu	8,9%	-0,1%	11,1%	7,8%
Sjóðstreymi frá rekstri (fyrir vexti og skatta)	17.185	26.026	75.395	45.852

Kennitölur í lok tímabils	30/12 2009	31/12 2008
Arðsemi eiginfjár	-3,9%	-3,6%
Veltufjórðungshlutfall	1,6	0,9
Lausafjórðungshlutfall	1,4	0,5
Eiginfjórðungshlutfall	36,7%	31,3%
Hagnaður per hlut í evru sentum	(1,96)	(1,71)
Markaðsvirði hlutfjár í milljónum evra m.v. gengi í lok tímabils	263,5	263,5
Nettó skuldir	295.012	379.405

Afkoma af kjarnastarfsemi

Undanskilin frá kjarnastarfsemi er starfsemi Stork Food & Dairy Systems, Carnitech A/S og Nordic.

Helstu tölur úr rekstri kjarnastarfsemi Marel í þúsundum evra

	Q4 2009	Q4 2008	2009	2008
Tekjur	112,492	121,405	434,796	548,077
Rekstrarhagnaður (EBIT)	6,920	(5,724)	24,760	38,233
EBIT sem hlutfall af sölu	6.2%	-4.7%	5.7%	7.0%
Hagnaður/(tap)	1,236	(23,349)	5,145	6,639
Hagnaður/(tap) sem hlutfall af sölu	1.1%	-19.2%	1.2%	1.2%
EBITDA	12,763	745	47,432	60,016
EBITDA sem hlutfall af sölu	11.3%	0.6%	10.9%	11.0%

Helstu atburðir á tímabilinu

Sambætting og kostnaðaraðhald

Í kjölfar kaupanna á Stork Food Systems hefur aðaláherslan í sameiningarferlinu beinst að sambættingu Marel og Stork í „eitt fyrirtæki“. Eitt helsta áhersluatriðið á árinu 2009 var innleiðing á nýju skipulagi hjá „nýja“ Marel. Stefnumarkandi ákvörðun var tekin um að fylgja markaðinum og byggja nýja skipulagið á þeim fjórum greinum iðnaðarins sem fyrirtækið sérhæfir sig í – þ.e. vinnslu á fiski, kjöti og kjúklingi, og frekari vinnslu. Byggir starfsemi fyrirtækisins nú á þeim fjórum iðnaðarsetrum sem komið hefur verið á fót.

Árið 2009 beindist sameiningarferlið sérstaklega að fjórum sviðum: framtíðarsýn og markmiðum, vörumerki, sambættum vörur og dreifikerfi.

Marel leggur áfram mikla áherslu á kostnaðaraðhald og hagræðingu. Í heild hefur rekstrarkostnaður lækkað um 25 milljónir evra á ársgrundvelli. Þar af leiðandi byggist starfsemi fyrirtækisins nú á mun lægri kostnaðargrunni en áður. Megnið af sparnaðinum kemur til vegna fækkunar starfsfólks. Í lok annars ársfjórðungs 2008 störfuðu 4.108 manns hjá fyrirtækinu. Í lok árs 2009 var fjöldinn kominn niður í 3.530. Búist er við að jafnvægi fari að komast á fjölda starfsfólks eða að því muni jafnvel fjölga lítilla vegna aukinna umsvifa.

Sjóðstreymi

Marel mun halda áfram aðgerðum til að draga úr veltufé á árinu 2010 með það fyrir augum að ná fram frekari lækkun og styrkja sjóðstreymi enn frekar.

Á árinu 2009 var Marel með jákvætt sjóðstreymi fyrir vexti og skatta upp á 75 milljónir evra. Á heildina litið verður lítil fjárfestingarþörf hjá fyrirtækinu á næstu árum.

Fjármögnun

Langstærsti hlutinn af fjármögnun Marel samanstendur af hlutafé og langtíma lánum með fyrstu endurgreiðslu í nóvember 2011. Eiginfjárlutfall er 37% og nettó skuldir eru 295 milljónir evra. Núverandi lausafjárstaða er góð og nemur 72 milljónum evra. Fyrirtækið er vel í stakk búið til að takast á við það markaðsumhverfi sem nú ríkir.

Velheppnuðu hlutafjárútbóði á meðal fagfjárfesta lauk 27. nóvember 2009. Stjórn Marel ákvað að taka öllum tilboðum að upphæð 7 milljarðar króna, sem jafngildir 38 milljónum evra. Heildarhlutafé Marel eftir útbóðið er 727.136.497 hlutir.

Með hlutafjárútbóðinu lækkaði Marel skuldir í íslenskri krónu úr sem nemur 130 milljónum evra í 100 milljónir evra. Í samvinnu við Arion banka, Íslandsbanka og NBI, breytti Marel myntsamsetningu 66 milljón evra sambankaláns sem bankarnir veittu félaginu úr íslenskri krónu í evru. Nema skuldir í íslenskum krónum því nú um 34 milljónum evra. Eftir myntbreytinguna er nú megnið af fjármögnun Marel í tekjumynt fyrirtækisins, sem lækkar fjármagnskostnað og dregur stórlega úr gengisáhættu.

Sala eigna utan kjarnastarfsemi

Marel hefur komist að samkomulagi við hollenska fjárfestingasjóðinn Nimbus um sölu á Food & Dairy Systems, að undanskilinni starfsemi hennar á Spáni. Salan á Food & Dairy Systems, einingu sem starfar utan kjarnastarfsemi fyrirtækisins, er hluti af stefnu Marel um að leggja áherslu á arðsemi og innri vöxt í kjarnastarfsemi.

Viðræður eiga sér stað um sölu á Carnitech A/S, síðustu einingunni utan kjarnastarfsemi. Undanskilin er starfsemi sem Carnitech var áður með í laxaiðnaði og á sviði frystibúnaðar, sem og í Bandaríkjunum, en þessi starfsemi er nú rekin undir merkjum og yfirstjórn Marel.

Skuldir munu lækka við sölu eigna utan kjarnastarfsemi.

Rekstrarumhverfi

Kjarnastarfsemi Marel beinist að fjórum undirgreinum matvælaíðnaðarins: vinnsla á fiski, kjöti og kjúklingi, og frekari vinnslu.

Fiskur: Samþjöppun í fiskiðnaði hefur leitt til aukinnar áherslu á hagkvæmni og eru fiskvinnslur að fjárfesta í búnaði til að bæta nýtingu og auka gæði afurða. Eftir erfitt tímabil eru þorsk- og ýsustofnar í grennd við Evrópu nú taldir vera hraustir eða á batavegi. Hátt verð á þorski hefur ýtt undir vöxt fiskeldis og hefur eftirspurnin eftir fiski flust yfir á ódýrari eldisfisktegundir eins og pangasius, tilapia og saithe. Verð á laxi er enn hátt og framboð annar ekki eftirspurn, sérstaklega á Bandaríkjamarkaði vegna hruns laxaiðnaðarins í Chile. Noregur, sem er nú langstærsti laxaframleiðandi í heimi, færir sér þetta tækifæri í nyt og fjárfestir í aukinni afkastagetu í frekari vinnslu í Bandaríkjunum.

Kjöt: Fjárfestingar voru í jafnvægi á fjórða ársfjórðungi þó enn gæti tregðu hjá stærri framleiðendum. Hins vegar eru meðalstór fyrirtæki í auknum mæli að gera sér grein fyrir ávinningnum af því að geta fylgst náði með framleiðsluferlinu hjá sér. Nokkur fjöldi verkefna komu til framkvæmda í Evrópu undir lok ársfjórðungsins en sumum var frestað fram á árið 2010. Það var hreyfing á Suður-Ameríku markaði en fjöldi verkefna þar og í Bandaríkjunum er í biðstöðu. Viðræður standa enn yfir við nokkra helstu framleiðendur á þessum mörkuðum.

Kjúklingur: Góður bati var á sölu í kjúklingaiðnaði á árinu og náði batinn hámarki með nokkrum stórum pöntunum á fjórða ársfjórðungi. Sú byltingarkennda tækni við vinnslu á kjúklingi sem Marel hefur kynnt á undanförunum 2-3 árum hefur notið mikillar velgengni, sérstaklega í Bandaríkjunum. Þá er ávinningurinn af sameiningu þeirrar tækni sem Marel og Stork búa hvert um sig yfir að koma í ljós í kjúklingaiðnaði.

Frekari vinnsla: Þó að það gæti enn tregðu í fjárfestingum í stórum kerfum sérstaklega, þá hafa framleiðendur í frekari vinnslu hagnast á breytingum á neysluvenjum fólks í efnahagskreppunni. Neytendur sækja síður veitingahús og kjósa þess í stað að elda og borða heima. Þeir kaupa líka frekar ódýrari prótein eins og kjúkling, kalkún og svínakjöt á kostnað rauðs kjöts sem er dýrara.

Viðskiptavinir í nærmynd – að sameina vörur og fólk: Við samþættingu þeirra fyrirtækja sem tilheyra samstæðunni í “eitt fyrirtæki” er fyrst og fremst tekið mið af þörfum viðskiptavinarins. Stór skref voru tekin í átt að sameinuðu fyrirtækið í Bandaríkjunum í desember 2009 þegar kjúklingahópar Marel og Stork, sem og kjöthópar Marel og Townsend, voru sameinaðir. Þetta eru mjög jákvæðar fréttir fyrir viðskiptavinum Marel sem geta nú snúið sér að einum aðila til að fá upplýsingar um allar vörur og öll vörumerki fyrirtækisins. Viðskiptavinir fengu að kynna nýju samþættu hópunum á alþjóðlegu kjúklingasýningunni í Atlanta (International Poultry Exhibition) 27.-29. janúar.

Á Marel básnum var m.a. að finna lokað svæði þar sem samþættar lausnir voru sýndar. Meira en 1.200 manns sáu þar hverju sameiningarferlið er farið að skila viðskiptavinum. Þessar samþættar lausnir sameina allt það besta sem Marel, Stork og Townsend hafa upp á að bjóða. Athyglin beindist ekki síst að nýstárlegu nýju kerfi sem samanstendur af FHF-XB úrbeiningar- og snyrtílinu frá Stork og SensorX beinleitarkerfi frá Marel.

„Það var mjög ánægulegt að heimsækja Marel básinn og hann bar með sér ákveðna siðfágun sem sýningin naut góðs af,“ sagði Ron Jackson, rannsóknar- og þróunarstjóri hjá Pilgrim's Pride. „Ávinningurinn af sameiningu Marel og Stork er farinn að koma skýrt fram með þeim nýstárlegu vörum sem voru í sviðsljósinu á sýningunni. Og maður fann það líka á andrúmsloftinu á básnum. Ég hlakka til að sjá hvað þeir bjóða upp á næsta ári.“ Marel mun kynna fleiri samþættar vörur á árinu.

Kynningarfundur 5. febrúar 2010

Marel boðar til kynningarfundar um afkomu félagsins föstudaginn 5. febrúar 2009 kl. 8:30 í húsnæði félagsins að Austurhrauni 9, Garðabær.

Birtingardagar fyrir reikningsárið 2009 og aðalfundur 2010

Birtingardagar fyrir reikningsárið 2010:

- | | |
|------------------------------------|------------------|
| ▪ Aðalfundur Marel Food Systems hf | 3. mars 2010 |
| ▪ 1. ársfjórðungur 2010 | 28. apríl 2010 |
| ▪ 2. ársfjórðungur 2010 | 28. júlí 2010 |
| ▪ 3. ársfjórðungur 2010 | 27. október 2010 |
| ▪ 4. ársfjórðungur 2010 | 2. febrúar 2011 |
| ▪ Aðalfundur Marel Food Systems hf | 2. mars 2011 |

Frekari upplýsingar veita:

Erik Kaman, fjármálastjóri. Sími: 563-8070

Sigsteinn Grétarsson, forstjóri Marel ehf. Sími: 563-8070

Um Marel

Marel er í hópi stærstu útflutningsfyrirtækja Íslands og er í fararbroddi á heimsvísu í þróun og framleiðslu á háþrúðum búnaði og kerfum til vinnslu á fiski, kjöti og kjúklingi. Hjá fyrirtækinu starfa um 3.500 manns um allan heim og starfrækir það skrifstofur og dótturfyrirtæki í meira en 30 löndum, auk 60 umboðsmanna og dreifingaraðila.